

MENNING

Á meira en hálfri aldar ferli hefur Hörður Ágústsson skilað gríðarmiklu starfi sem myndlistarmaður, hönnuður, kennari, rithöfundur og brautryðjandi í rannsóknum á íslenskri húsagerðarsögu. Einar Falur Ingólfsson skoðaði yfirlitssýningu með verkum hans sem verður opnuð kl. 17 á Kjarvalsstöðum og ræddi við Hörð, sem er 83 ára í dag.

Mikil upplýsing um tímann

Í Vestursal Kjarvalsstaða er verið að ljúka við að hengja upp fjölbreytileg verk sem spanna margbrotinn feril Harðar Ágústssonar. Í norðurlandinu eru figúratíf málverk frá þeim árum er Hörður dvaldi í Frakklandi, þá birtast óhlutbundin verk, þarna eru formstúdíur og raðir af tímaritinu Birtingi; ljósmyndir af veggmalverkum, uppdrættir af íslenskum húsum, málverk með kristnum þemum, hvers konar hönnun á auglýsingum og húsbúnaði og loks í suðurlandinu raðir af þessum byltingarkenndu límbandsverkum sem eru enn í dag jafnfersk og þegar Hörður var að setja þau saman seint á áttunda áratugnum. Þetta eru þættir úr öllum þeim ólíku en þó á vissan hátt skyldu sviðum sem hann er löngu orðinn þekktur fyrir. Hörður er í salnum að líta sýninguna augum í fyrsta sinn og segist mjög ánægður. „Sýningin er sérlega vel upp sett,“ segir hann. „Hérna kemur fram megnið af þeim hugmyndum sem ég hef verið að setja fram í myndlist og arkitektúr.“

– En eru þessar hugmyndir ekki mikið til sprotnar af sömu rótum?

„Þegar ég hugleiði það nú, í ró og spekt, þá er ótrúlegt hvað ég fékk snemma þessar hugmyndir. Þegar ég var strákur þá var ég ákveðinn í því að verða arkitekt fyrir hádegi og myndlistarmaður eftir hádegi. Og ég stóð nú eiginlega við það. Því fyrri hluta ævinnar var ég myndlistarmaður og seinni hluta ævinnar, kannski ekki arkitekt, heldur byggingalistarfræðingur – og áróðursmaður fyrir verndun sjónminna.“

Konur eiga stærsta hlutinn

Hörður heldur áfram og segir frá sumum hugmyndum sínum um menningararfleifðina. „Ég er algjörlega að móti fullryðingu Sigurðar Nordals: Bókmenntirnar eru eina arfleifð vor, segir hann. En ég segi, það er ekki rétt. Íslensk listaarfleifð er miklu fjölbreyttari en það. Og það eru konurnar sem hafa skapað myndlist frá því að Íslendingar settust að hér á þessu landi. Eins og norskur sendiherra sagði eitt sinn; myndlistin komið af hafi með öndvegissúlunum.“

Ég er nú búinn að þæla mikið í þessu og get ekki séð annað en konurnar eigi stærstan hlut í myndlistararfleifð Íslendinga. En það hefur alltaf verið þagað um konurnar. Þetta liggur mér á hjarta og hefði ég verið yngri nú, þá hefði ég skrifað heila bók um þetta!

Ég tek sem dæmi Ragnheiði Jónsdóttur, sem var seinasta kona Gísla biskups Þorlákssonar. Eftir hana er altarisklæði á Þjóðminjasafninu sem ég álit að sé eins gott og mynd eftir Þorvald Skúlason. Svo eru það dætur hans Páls Vídalíns, með teppið um dyggðirnar. Gríðarstór mynd sem er hreint meistaraverk. Svo má minna á að Barði Guðmundsson var með kenningu, sem ég get ekki fullyrt að sé rétt, en það er gaman að veita henni athygli. Hann hélt því fram að Valþjófsstaðahurðin, sem er eitt mesta meistaraverk miðalda, ekki bara hér heldur á öllum Norðurlöndum, sé eftir konu.“



Morgunblaðið/Einar Falur

„Ég get ekki séð annað en konurnar eigi stærstan hlut í myndlistararfleifð Íslendinga,“ segir Hörður Ágústsson.

– Þú kallar þig áróðursmann fyrir verndun sjónminna, hefur ekki ýmislegt breyst á liðnum áratugum hvað varðar skilning fólks á þessum þáttum?

„Ég ætla bara að þakka Guði fyrir að það hefur borið árangur. Það var til dæmis ákveðið að rífa Torfunu alla eins og hún lagði sig – hún stendur ennþá. Það er svo margt sem hefur lagast.“

– En ertu fullsáttur?

„Nei, ég er nú gamall sósíalisti og mér finnst kapitálið ráða of miklu; það er að segja byggingameistararnir. Ég skrifaði einu sinni grein um þessa skemmd sem varð á Skúlagötunni. Þar var danskur skipulagsfræðingur að hjálpa með skipulagið og hann vildi byggja húsinn hægt við þau sem komin voru, en ekki eintóma „eiffelturna“, eins og raun varð á. Meðferðin á Skúlagötunni er rosalegur galli að mínu mati.“

Vissulega hefur orðið viðhorfsbreyting á síðustu 40 árum. En það er alltaf eitthvað, eins og hvernig farið var með Þjóðminjasafnið, meistaraverk eftir Sigurð Guðmundsson; það er allt saman tætt í sundur. Ég verð hins vegar að taka það fram að uppsetning á sýningunni þar núna finnst mér vera framúrstefna eins og hjá Nýlistasafninu í gamla daga. Erlendir safnamenn gætu komið hingað heim og séð hvernig ætti að traktera arfleifð hversar þjóðar.“

Fjölbreytileiki sýningarinnar kemur skoðandanum á óvart, og kannski ekki sist þættir

eins og hönnun og auglýsingagerð Harðar. Þá eru þarna raðir af stíllreinum kápum tímaritsins Birtings, en þar var hann einn forsvarsmanna.

Sagður litblindur

„Það er nú hægt að kvarta undan ýmsu,“ segir Hörður. „Eins og með hann Dieter Roth.“ Þeir Hörður og Roth unnu talsvert saman eftir að Dieter flutti til Íslands árið 1957. „Hann kemur til landsins um það leyti þegar ég er að kenna formfræði og þá er hann alveg inni á sömu línu og ég. Það olli deilum við ritstjórn Birtings að ég skyldi leyfa honum að brjóta um eitt hefti. Svo er Dieter orðinn heimsfrægur maður núna.“

– Hefur nokkuð komið í staðinn fyrir Birting í menningarumræðunni síðan hann hætti að koma út 1968?

„Nei. Ég var að líta á hann um daginn og var alveg bit hvað þetta var helvíti gott hjá okkur. Það var ekkert bara ég, heldur skáldin, Einar Bragi, Thor, Geir Kristjánsson, Jón Óskar – þetta er svo mikil upplýsing um tímann.“

Einar Bragi skúbbaði saman í Unuhúsi flokk af listamönnum og skáldum og með því að lesa þetta geturðu alveg komist inn í *miljö* tímans.

Ég var bara núna að lesa samtal sem Jón Óskar hafði við Jón úr Vör, hvernig honum var tekið og hvernig honum reiddi af, þetta eru

gríðarmiklar upplýsingar um listasögu Íslands.“

– Ég hef á tilfinningunni að menn hafi ekki alltaf getað fylgt þér eftir, í stefnum og straumum. Það má sjá í bókinni að gagnrýndur hafa til dæmis ekki alltaf áttað sig á því hvað þú varst að fara. Eins og þegar þú sýndir límbandsverkin.

„Ég var í þessari formfræði með krökkunum sem ég var að kenna, var búinn að koma mér niður á ákveðinn filósófískan grundvöll. Þetta er allt þarna í svarthvítum myndum á veggnum: línur, þríhyrningar og ferningar. Síðan ætlaði ég að fara að mála þetta en óaði við að mála svona nákvæmlega,“ segir Hörður og hlær. „Svona stóra fleti og marga. Þá varð mér gengið framhjá Málaranum í Bankastræti og sá þar þessar límbandsrúllur. Þá kom hugmyndin: Þetta er auðvitað efnið sem ég á að nota! Ég keypti nokkrar rúllur. Læknir einn var búinn að segja að ég væri litblindur, svo ég taldi best að hafa þetta allt skipulagt: eina rauða rúllu, bláa, gula, svarta og svo framvegis. Þegar ég var að gera mér grein fyrir því hvernig ég ætti að gera þetta, þá keypti ég þessar spónaplötur og byrjaði mjög smátt. Svo varð þetta miklu auðveldara og smátt og smátt þróaði ég þessa hugmyndafræði – þetta sést allt hér í salnum.“

efi@mbl.is

BYLTING Í FITUBRENNSLU!

– ÖFLUGAR BRENNSLUTÖFLUR

Perfect burner töflur 90 stk. Hagkvæmstu kaupin!

*** Koffín**
Eykur orku og fitubrennslu.

*** Hýdroxísítrussýra**
Minnkar framleiðslu fitu.

*** Sítrúsarántíum**
Breytir fitu í orku.

*** Króm pikkólinat**
Jafnar blóðsýkur og minnkar nart.

*** Eplapektín**
Minnkar lyst.

*** L-Carnitine**
Gengur á fituforða.

Perfect burner er því lausn á því að tapa þyngd á árangursríkan, skynsaman og endingagóðan hátt.

Söluaðilar:
Hagkaupsverslanir, Hellsuhúsið, Hreysti,
Lyfjuverslanir og helstu líkamsræktarstöðvar.

PATRON Ármóla 19 · 108 Reykjavík
Sími 553 1930 · Fax 553 1940

Hörður breytti viðhorfi þjóðarinnar

„Í SAMFÉLAGINU er alltaf tilhneiging til að hólfa hlutina af og það má segja að menningarfrömuðurinn Hörður Ágústsson hafi liðið aðeins fyrir það hvað hann hefur verið að vinna á mörgum sviðum,“ segir Pétur H. Ármannsson arkitekt. Pétur, sem er deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur, er einn sýningarstjóranna.

„Hugmyndin er að sýna þessa þætti saman, fræðimennskuna og listina, og sýna hvernig þetta hefur haft gagnkvæm áhrif í einum og sama manningum. Það er heillandi við Hörð að hjá honum verður það að uppgötva eins og að skapa. Til þess að njóta myndlistar hans þarf maður að vita um fræðimanninn, og til þess að skilja fræðibækurnar þarf maður að vita að hann er myndlistarmaður, af ákveðinni kynslóð.“

Við höfum leyft okkur að kalla Hörð „endurreisnarmann íslenskra

sjónmennta“. Endurreisnarmennirnir voru á sama tíma að skapa list og rannsaka heiminn. Og ekki bara það, því þeir reyndu líka að breyta heiminum til góðs með uppgötvanum sínum og skrifum. Þeir drógu fram í dagsljósið þekkingu úr fornöld, vegna þess að hún hafði gildi í samtímanum. Áhugi Harðar Ágústssonar á sögunni og fortíðinni er ekki fortíðarinnar vegna, heldur vegna þess að þekking fortíðar er lykll að skapandi hugsun í samtímanum. Síðan er Hörður náttúrulega endurreisnarmaður í þeim skilningi að hann hefur gert meira en nokkur annar í að breyta viðhorfi íslensku þjóðarinnar til síns menningararfs. Á einum stað segir hann að Íslendingar tali alltaf um að innihaldið skipti mestu máli, en hann segir þvert á móti, það eru umbúðirnar sem fela í sér menninguna; umbúðirnar eru líka innihald. Menningin er líka í umbúðunum. Öll list og hönn-

un er jú umbúnaður, ef út í það er farið.

Öllu blandað saman

Hjá þjóð þar sem orðsins list er metin meira en allt annað, þá er það djærft að halda því fram, eins og hann hefur gert, að menningararfur þjóðarinnar á sviði sjónmennta og formmótunar sé alveg jafnmerkilegur. En þetta hefur honum tekist að sýna fram á í sínu mikla ævistarfi.“

Pétur segir að sumum kunni að finnast þessi yfirlitssýning þurfa meira pláss en það sé ein af grunnhugmyndunum að blanda öllum þessum þáttum í ferli Harðar saman. „Ef við hefðum dregið fræðimennskuna og byggingarsöguþáttinn frá hinum, eða haft hönnunina í sér sal, þá hefði þessi tenging ekki orðið jafnaugljós. Við vildum frekar sýna færri verk og alla þessa þætti saman.“